

Sigríður Sveinsdóttir

háls- nef- og eyrnalæknir

Bakvakt, barkar og padel: Alveg venjulegur dagur

06.45 Hefði átt að fara út að hlaupa ... gerði það ekki. Er í afar nærandi morgunhlaupahópi sem mætti líkja við saumaklúbb á hlaupum.

Góðu fréttirnar eru hins vegar að síminn hringdi ekkert í nótt og get því fljótlega skilað af mér bakvaktinni með bros á vör.

08.00 Mætt í Fossvoginn, smá tími fyrir kjaftasögur með kollegum, kaffibolla og kíkja yfir komandi móttöku. Stór ástæða þess að ég endaði í HNE er að ég skynjaði strax sem unglæknir mjög góðan anda á deildinni og þar með var það ákveðið! Nauðsynlegt að hafa rugl og bull sem hluta af starfslýsingunni. Stuttur stofugangur, það er ástæða fyrir því að maður endaði ekki í medicín!

09.00 Göngudeild, fæ mest sjúklinga með vandamál tengd raddböndum og barka. Tveir settir upp fyrir aðgerð, annar með þrengingu í barka af óútskýrðum ástæðum sem þarfnast vikkunar og hinn með grun um krabbamein á raddbandi sem þarf að ná sýni úr og laserbrenna. Fæ einn af sérnámslæknunum okkar til að koma og sprauta fylliefni í lamað raddband, ég assistera. Við erum nýlega byrjuð með fullt sérnám í HNE og gengur afskaplega vel, við erum svo lánsöm að hafa fengið til okkar frábæra sérnámslækna sem smellpassa inn í hópinn.

12.00 Pausa pranzo – hádegishlé. Ítölskukennsla hjá henni Mariu minni


sem talar við mig á Zoom frá Perugia. Reyni að læsa að mér svo vinnufélagarnir þurfi ekki að verða vitni að ósköpunum. Efri árin á Ítalíu hljómar sem draumur að mínu skapi.

Örstutt hlé eftir ítölskuna og næ þá smá mynd-„samtali“ við minn allra besta, 11 mánaða ömmustrákinn sem finnst amma sín sjúklega fyndin og skemmtileg. Ómetanlegt fyrir egóið að eiga svona einlægán aðdáanda!

13.00 Bruna svo í hina vinnuna, Læknastöðina í Glæsibæ. Hér er móttakan meira blönduð, alls kyns vandamál sem gera það að verkum að dagurinn líður hratt. Einn af kostum HNE-lækninga er að við sinnum bæði fullorðnum og börnum með fjölbreytt vandamál. Það skemmtilegasta við vinnuna er jú að hitta alls konar fólk.

Enda móttökuna á því að hringja nokkur símtöl í sjúklinga, rannsóknarsvör og eftirfylgd. Renni svo yfir aðgerðir morgundagsins, allt virðist klappað og klárt.

17.30 Keppist við umferðina á leið í Tennishöllina, hitti þar manninn minn og vinafólk (padeldeild Knapafélagsins Síriðandi), spilum vikulega hina ört vaxandi íþrótt padel. Ótrúlegt en satt þá virðast eiga sér stað órlitlar framfarir, svei mér þá. Annars er ég dálítið að vinna með konseptið „stunda allt, geta lítið“ og á þetta við um allar íþróttir sem ég stunda. Hlaup, hjól, skíði, fjallaskíði,



Mætt í Fossvoginn með kaffibolla á kantinum.

badminton, padel, og ekki síst golfið. Planið er að stunda þetta allt fram á gamals aldur og líklega án framfara.

18.30 Þá vaknar hin klassíska spurning, hvað er svo í kvöldmatinn? Hefði kannski mátt hugsa út í það fyrir... Persónulega gæti ég borðað harðfisk í kvöldmat á hverju kvöldi en sambýlismaðurinn er ekki alveg sammála því, pikkum upp eitthvað fljótlegt á leiðinni heim.

20.30 Látum renna í pottinn eftir mat og fréttir, sem ég gæti þó algjörlega verið án, af hverju finnst mér ég hafa heyrt allar fréttir áður?

23.00 Ímynda mér að ég sofni betur eftir pottinn en mér finnst best að nota næturnar í að vaka og ofhuga hlutina, fara yfir „to-do“ lista og slíkt. Set hlaðvarp um svæsin morðmál í eyrun, það hlýtur að róa mig!